

64. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 27. mars 2017 kl. 14:30 – 16:00
haldinn í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir formaður, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Björg Baldursdóttir (varamaður Jóns Fannars), Guðrún Eyjólfsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Svanhildur Sverrisdóttir, Fjóla Jónsdóttir.

Boðuð forföll: Jón Fannar Kolbeinsson, Kristín Þóra Harðardóttir

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Gestur: Sólveig B. Gunnarsdóttir, formaður úthlutunarnefndar til nýsköpunar- og þróunarverkefna

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

2. Uppgjör Fræðslusjóðs

a. Vegna framkvæmdar framhaldsfræðslu 2016 (fylgiskjal 2a)

b. Úthlutun og framkvæmd framhaldsfræðslu 2012-2016 (fylgiskjal 2b)

Umræður um hvort ástæða sé til að horfa á áherslur og hugmyndafræði sjóðsins og framhaldsfræðslunnar með öðrum hætti en gert hefur verið undanfarin ár.

Fram kom að vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu er í gangi. Lagt hefur verið til við ráðherra að fenginn verði starfsmaður til að halda utan um endurskoðun laganna og að skipaður verði vinnuhópur, og að halda málþing í tengslum við endurskoðunina. Beðið eftir svörum.

Til athugunar: Fram kom að sumir fræðsluaðilar virðast að meðaltali vera að fá árlega heildarúthlutun sem er yfir 5% hærri en meðaltals framkvæmd ársins. Ástæða er til að hafa þetta í huga við mat á umsóknum vegna úthlutunar fyrir 2018– sjá fylgiskjal 2b.

3. Flutningur fræðsluaðila á fé til raunfærnimats milli ára (BG)

Talsvert fjármagn fór yfir áramót í formi ólokinna verkefna í raunfærnimati. Björn fór yfir stöðuna eins og hún er í dag og horfur framunda. Nokkrum verkefnum er lokið og flestir fræðsluaðilar eru bjartsýnir á að takist að ljúka útistandandi verkefnum fyrir mitt ár 2017, þegar uppgjör þeirra fer fram.

4. Úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja Fræðslusjóðs (fylgiskjal 4)

Tillögur að forgangssviðum. Formaður nefndar kom inn á fundinn.

Sólveig gerði grein fyrir vinnu úthlutunarnefndarinnar og fór yfir þau áherslusvið sem nefndin leggur til.

Afgreiðsla: Tillögurnar samþykktar. Samþykkt að umsóknarfrestur verði lengdur í fimm vikur frá dagsetningu auglýsingar, en það er í samræmi við leiðbeiningar mrn.

5. Innsend erindi

a. Ósk um að kenna staka framhaldsskólaáfanga innan framhaldsfræðslunnar – Bréf frá Farskólanum (fylgiskjal 5a)

Vakin athygli á Fjarmenntaskólanum; samstarfi 13 framhaldsskóla á landsbyggðinni til að koma á móts við einstaklinga sem ekki geta sótt menntun á sínu landssvæði/bæjarfélagi. Þá heimila löggin ekki að Fræðslusjóður fjármagni nám sem fellur undir lög um framaldsskóla.

Afgreiðsla: Erindinu er hafnað. Framkvæmdastjóri FA sendir svarbréf í samráði við formann.

6. Önnur mál

- Næsti fundur 24. apríl. Fjarveru hafa boðað Sveinn Aðalsteinsson og Garðar Hilmarsson.
- Fundargerð ráðgjafafundar frá 17. feb. og þjónustukönnun um ráðgjöfina sem gerð var meðal ráðþega af fræðsluaðilum verður send stjórn milli funda.

Guðrún Ragnarsdóttir, *Halldór Grönvold*, *Garðar Hilmarsson*, *Björg Baldursdóttir*, *Guðrún Eyjólfsdóttir*, *Ársæll Guðmundsson*, *Svanhildur Sverrisdóttir*, *Fjóla Jónsdóttir*, *Sveinn Aðalsteinsson*, *Björn Garðarsson*, *Sólveig B. Gunnarsdóttir*